

## 120. Fundur Rekstrarnefndar Hjúkrunarheimilisins Klausturhóla

Haldinn í kapellu Klausturhóla 5/9 2018 kl 10:00

Mættir eru nefndarmann: Sveinn Hreiðar Jensson formaður, Elín Heiða Valsdóttir, Fanney Ásgeirsdóttir, Einar Bárðarson og Anna María Ólafsdóttir.

Matthildur Pálsdóttir hjúkrunarforstrjóri, Sandra Brá Jóhannsdóttir sveitarstjóri

Erla Ósk Færseth fulltrúi starfsmanna

Formaður bíður fundarmenn velkomna og óskar eftir að fá að bæta á dagskrá erindi sem barst frá Herði Davíðssyni er varðar byggingu gróðurhúss við Klausturhóla. Engin athugasemd er við viðbót á dagskrá fundarins.

1. Kosning varaformanns og ritara.

Elín Heiða Valsdóttir er kosin varaformaður samhljóða  
Einar Bárðarson er kosinn ritari samhljóða.

2. Skýrsla hjúkrunarforstjóra.

Matthildur fer yfir rekstur og starfsemi Klausturhóla.

Til upplýsinga fyrir nýja fulltrúa í rekstrarnefnd Klausturhóla eru 17 hjúkrunarrými og 2 dvalarrými og 1 dagdvalarrými. Í dag eru 20 manns í húsi og er því fullnýtt pláss miðaða við úthlutuð rými frá ríkinu. Í húsinu eru auka rými og herbergi sem ekki hefur fengist fjármagn til að nýta.

Beiðni hefur borist frá Stjórn Bergrisans, byggðasamlagi um þjónustu við fatlað fólk, um að taka við einstaklingi annarsstaðar frá og er sá einstaklingur ekki aldraður en þarf þjónustu. Rými er til staðar í húsinu til að auka nýtingu en einstaklingurinn fellur ekki inn í starfsemina að fullu. Matthildi er falið að skoða betur hvort hjúkrunarheimilið treystir sér að taka við einstaklingnum til vistunar.

Starfsmannafundir eru haldnir mánaðarlega.

My time plan kerfið er á loka skrefum í innleiðingu og hefur starfsfólk tekið nokkuð vel í innleiðinguna en kerfið er að virka vel.

Starfsmannamál eru stöðugt til skoðunar og er fullmannað í dag. Erlendu starfsfólki hefur fjölgað og eru það duglegt að læra Íslensku. Rekstrarnefnd hefur mikinn áhuga á að auka starfsánægju meðal starfsmanna Hjúkrunarheimilisins Klausturhóla. Rekstrarnefnd felur Matthildi að setja skýrar reglur varðandi fjarvistir og veikind og kynna á starfsmannafundi. Matthildur óskar eftir því að fá að endurskoða vaktaplön og skipulag vinnutíma hjá starfsmönnum. Rekstrarnefnd samþykkir að hjúkrunarforstjóri skoði fyrirkomulag vinnutíma og vinnuplans en taka þarf tillit til kostnaðar við breytingar og vísa nýju vinnufyrirkomulagi til fjárhagsáætlunar.

Matthildur fer yfir húsnæðismál og samþykkir rekstrarnefnd að fela Matthildi að setja fram reglur um leiguhúsnæði og setja upp gjaldskrá vegna húsaleigu starfsmanna.

Undnaþága frá kröfufýsingu. Hjúkrunarheimilið Klausturhólar hefur undanþágu frá lðjupjálfa, Sjúkraþjálfa og kokk. Matthildur hefur hugmyndir um samstarf milli hjúkrunarheimila um Sjúkra- og lðjupjálfun og er vel tekið í að skoða það.

Kokkurinn sem starfar í eldhúsinu er að fara í launalaust leyfi í nóvember. Hann kemur aftur til starfa í febrúar.

Si EHL  
FR. AMÓ  
BWA

Bæta þarf aðstöðu fyrir heimilisfólk sem reykir. Matthildur og Einar skoða hvort hægt sé að koma upp reykingaraðstöðu við heimilið.

Ný lífsmarkna mælitæki voru tekin í notkun í vor og hafa reynst mjög vel.

Klausturhóladagurinn er áætlaður laugardaginn 20. Október.

Sveitarstjóri og hjúkrunarforstjóri fóru á fund í Heilbrigðisráðuneytinu og fylgdu eftir erind sem sent var í vor til ráðuneytissins vegna fjölgunar á hjúkrunarrýmum við Klausturhóla.

Skemmst er frá því að segja að móttökur þar voru dræmar. Ekki var að heyra að

Hjúkrunarheimilið fengi aukið við hjúkrunar- og eða dvalarrými þrátt fyrir að ónotuð herbergi séu til staðar á Klausturhólum. Rekstarnefnd lýsir furðu sinni á áhugaleysi stjórnvalda á því að nýta sér ekki innviði sem til eru í samfélaginu til hagsbóta fyrir íbúa og þjónustuþega landsins þar sem stöðugt er talað um skort á hjúkrunar- og dvalarrýmum á landsvísu.

### 3. Fjárhagsáætlun 2018, staðan

Sveitarstjóri fer yfir stöðu á rekstri hjúkrunarheimilisins og er farið yfir aðalbók miðað við rauntölur 31/8 2018.

Rekstur heimilissins er á áætlun.

Kostnaður vegna hitunarkostnaðar er að hækka og þarf að skoða þann lið sérstaklega.

Liðir eru í fjárhagsáætlun sem ekki er byrjað að nota og snýr það helst að fjármagni sem sett var í viðhald og önnur vörukaup.

Rekstarnefnd þakkar góða yfirferð og fagnar því að reksturinn sé á áætlun og þakkar starfsfólki og hjúkrunarforstjóra fyrir árangurinn.

### 4. Viðhaldspörf

Skoða þarf bjöllukerfið í húsinu og einnig þarf að fara yfir loftræstikerfið.

Búið er að finna aðila til að skoða bjöllukerfið en eftir er að finna aðila til að skoða loftræstikerfið.

Fara þarf yfir viðhaldspörf og lagfæringar í húsinu og gera ráð fyrir lagfæringum í fjárhagsáætlun ársins 2019.

### 5. Önnur mál.

Hörður Davíðsson mætir á fundinn.

Hörður ásamt eiginkonu sinni Salóme Ragnarsdóttur sendu Rekstarnefnd Klausturhóla erindi um byggingu 60-100 m<sup>2</sup> gróðurhúss við Hjúkrunarheimilið Klausturhóla. Í gróðurhúsinu væri ræktun og aðstaða fyrir heimilisfólk þar sem fólk getur notið gróðurylms, raka og birtu allan ársins hring. Hörður lýsir því að hann sé tilbúinn að koma með beinum hætti að vinnu við gróðurhúsið og hugmyndavinnu við það. Leggur Hörður til að leitað verði leiða til að láta þetta verða að veruleika. Rekstarnefnd þakkar Herði og Salóme fyrir erindið og samþykkir að skoða þetta mjög vel.

Skipun í stjórn Velunnarasjóðs Klausturhóla.

Rekstarnefnd samþykkir að fresta skipun á fulltrúa í velunnarsjóð Hjúkrunarheimilisins Klausturhóla

SI. AM'D  
EHL  
FA  
R.D

Fleira ekki gert á fundi fundi slitið kl 13:30

Sveinn H. Jensson

Sveinn Hreiðar Jensson

Fanney Ásgeirsd.

Fanney Ásgeirsdóttir

Einar Bárðarson

Einar Bárðarson

Elín Heiða Valsd.

Elín Heiða Valsdóttir

Anna María Ólafsd.

Anna María Ólafsdóttir